

EFTIRLITSSKÝRSLA

Gámaþjónusta Norðurlands Rangárvöllum, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 28.4.2017 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Gámaþjónusta Norðurlands | Eftirlitsmaður | Steinunn Karlsdóttir |
| Heimili | Rangárvöllum | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 4812871039 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Helgi Pálsson | ÍSAT nr. | 38.22.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 539772,657 576067,283 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir né frávik voru skráð í eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Starfsleyfi var aðgengilegt á staðnum. Umhverfisstjórnunarkerfi hefur verið endurnýjað og gildir til 15. september 2018. Verklýsingar eru til staðar skv. gr. 2.8 í starfsleyfi og aðgengilegar starfsmönnum.

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti er varða starfsleyfið. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist eftirlits- eða rekstraraðila né heilbrigðiseftirlitinu og engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Í síðasta eftirliti höfðu rekstraraðila borist kvartanir vegna ágangs fugls á svæðinu. Í eftirlitinu sem nú fór fram var ekki sjáanlegur fugl á svæðinu en unnið er eftir verklagsreglum til að sporna við ágangi fuglsins. Helsta leiðin er að hafa hurðir á móttökuhúsi sem mest lokaðar en fuglinn er klár og það hefur reynt erfitt að eiga við hann.

Starfsmaður í spilliefnamóttöku hefur hlotið góða þjálfun í merðferð og umgengni spilliefna og eins hefur afleysingamaður hlotið samsvarandi þjálfun.

Mælingar á frárennsli hafa ekki verið gerðar frá síðasta eftirliti en gert er ráð fyrir þeim á næstu vikum. Frestur til að gera mælingar á frárennsli er til 1. okt nk. Söfnunarþrær og olíuskiljur voru tæmdar síðast í september sl. og stendur til að tæma þær á næstunni.

Ídræg efni voru staðsett á verkstæði sem og í spilliefnagámi.

Gengið var um stöðina, spilliefnagáma og útisvæði. Aðstaðan í spilliefnagámum var með ágætum og nokkuð snyrtileg, hver flokkur spilliefna var vel merktur. Á útisvæði var ker með flúorperum sem verið var að vinna með, bent er á að flúorperur skal geyma á þurrum stað innandyra eða yndir skýli. Girðingar eru í lagi og aðgengi takmarkað utan afgangslutíma.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Í eftirliti ársins 2016 var skráð frávik þess efnis að flutningsker spilliefna væru ekki öll skv. kröfum reglugerðar. Rekstraraðili vinnur skv. úrbótaáætlun sem samþykkt hefur verið af Umhverfisstofnun. Samkvæmt henni er allur spilliefna úrgangur annaðhvort fluttur á sérstaklega útbúnum bílum eða í sérstaklega útbúnum spilliefnakörum og þess er gætt að umbúðir séu þannig búnar að ekki sé hætt á að leki komi að þeim. Í sama eftirliti voru gerðar athugasemdir varðandi geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs utandyra, rekstrar aðili hefur brugðist við þessum athugasemdum og er slíkur úrgangur nú geymdur á viðunandi hátt.

Verið er að vinna að því að skilja að fráveitu frá flokkunarhúsi og spilliefnamóttöku en það sameinast í einni lögn skv. núverandi fyrirkomulagi. Mælingar í frárennsli eru gerðar í sitt hvoru lagi, annars vegar


fyrir flokkunarstöðina og hins vegar fyrir spilliefnageymsluna. Gildi mengunarefna í olíuskilju frá spilliefnamóttöku hafa verið innan marka en gildin fyrir flokkunarstöðina hafa verið yfir mörkum starfsleyfis sem gefið er út af HNE, en þau gildi eru hærri fyrir þessa flokkunarstöð heldur en sambærilegar stöðvar sökum þess að kröfur um leyfileg gildi fráveitu eru hærri fyrir spilliefnageymslur en flokkunarstöðvar. Með því að aðgreina frárennslið verður hægt að hækka gildin í starfsleyfi HNE til samræmis við aðrar flokkunarstöðvar.

Viðstödd eftirlitið var María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Reykjavík, 19.05.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir